

**Viðtakandi:** innkaupa- og framkvæmdaráð**Sendandi:** Upplýsingatækniþjónusta, Þjónustu- og nýsköpunarsvið**Útboð nr. 15388 – Sérfræðingar í upplýsingatækniinnviðum**

Einn viðauki var sendur út þann 29. apríl 2022 sem innihélt svör við fyrirspurnum auk tilkynningar um uppfærða tilboðsbók.

Tilboð voru opnuð þann 12. maí 2022 (athugið að röng dagsetning var rituð í fundargerð opnunarfundar en þar stendur 12. apríl). Þrír aðilar sendu inn tilboð:

Árið 2022, þann 12. apríl kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar nr. 15388 „Sérfræðingar í upplýsingatækniinnviðum”.

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Hektor Már Jóhannsson.

Á tilboðsfresti var sendur út einn viðauki.

Eftirfarandi tilboð bárust:

- | | |
|---|-----------|
| 1 | KPMG |
| 2 | Origo hf |
| 3 | Sensa ehf |

Fleiri tilboð bárust ekki

Opnum tilboða lokið kl. 10:05

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafli 0.8 í útboðslýsingu:

Valforsenda	Gildi
Verð	40,0 stig
Gæði	60,0 stig
Samtals	100,0 stig

Bjóðendum sem uppfylltu lágmarkskröfur var boðið að halda kynningu þar sem gæðamat fór fram. Allir bjóðendur uppfylltu skilyrði um fjárhagslegt hæfi sem og allar lágmarkskröfur. Voru því haldnar 3 kynningar með bjóðendum.

Niðurstaða gæðamats var eftirfarandi:

	stig
KPMG	49,3
Origo	38,3
Sensa	32

Boðin verð voru eftirfarandi:

	Boðið verð (kr.)
KPMG	15.587.400
Origo	5.125.000
Sensa	4.522.800



Í kjölfar kynningarfundar féll Sensa ehf. frá tilboði sínu á grundvelli þess að bjóðandi hafi misskilið útboðsgögnin en það hafi komið í ljós í kynningu.

Seinni opnun fór fram þann 1. júlí 2022. Heildarniðurstaða verðs og gæða var eftirfarandi:

Árið 2022, þann 1.júlí kl. 10:30 voru, í Borgartúni 12-14,
Reykjavík, verðtilboð opnuð og skráð niðurstaða gæðamats, í EES
útboð nr. 15388, „Sérfræðingar í upplýsingatækniþvíðum”.
Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Elisabet Katla Eyþórsdóttir.

Eftirfarandi tilboð bárust:	Verðstig	Gæðastig	Heildarstig
1 KPMG	11,61	60	71,61
2 Origo hf	35,3	46,61	81,91
3 Sensa ehf	Féll frá tilboði sínu		

Fleiri tilboð bárust ekki
Opnun tilboða lokið kl. 10:40

Eftir seinni opnun, þann 8. júlí 2022 ákvað Origo hf. að draga tilboð sitt til baka á grundvelli þess að innsent tilboð væri of lágt og bjóðandi gæti ekki mætt þeim kröfum sem gerðar eru í útboðslýsingu fyrir þá fjárhæð sem bjóðandi sendi inn. Eftir stendur því tilboð KPMG sem eina gilda tilboð.

Kostnaðaráætlun verkefnisins:

Teymi í upplýsingatækniþvíðum					
Vörumerki	Aætlaður tím	Eining	kist. heild	Einingaverð án vsk	Heildarverð m.v. 3 mánuði án vsk
I. Leidtagi og teymi	3 mánuðir	ks	1.605	25.009 ISK	451.20.000 ISK
					451.20.000 ISK

IKS hefur yfirfarið tilboð KPMG m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og er þá sá þáttakandi sem á eina tilboðið eftir að aðrir tilboðsgjafar drógu tilboð sín til baka. Upplýsingatækniþjónusta Þjónustu- og nýsköpunarsviðs hefur yfirfarið tilboð KPMG og staðfestir að lágmarkskröfur eru uppfylltar. KPMG skoraði jafnframt hátt í gæðamati eða 49,3 stig af 60 mögulegum. KPMG býr að því, skv. innsendu tilboði og kynningu, vera í samstarfi við KPMG í Finnlandi og með teymismeðlimi sem þegar hafa unnið sambærileg verkefni fyrir borgir í Finnlandi í svipaðri stærð og Reykjavík.

Þrátt fyrir að innsend tilboðsfjárhæð KPMG er töluvert lægri en kostnaðaráætlun, leggur Upplýsingatækniþjónusta Þjónustu- og nýsköpunarsviðs til að gengið verði að tilboði KPMG, enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er eina gilda tilboðið á grundvelli lægsta verðs og gæða.

Fh. Upplýsingatækniþjónustu Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Friðþjófur Bergmann
upplýsingatækniþjónustu